

27. maí 2015



LEIKSKÓLINN
HAGABORG

ÞRÓUNARVERKEFNI



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Verkefnið á Puta- og Krílalandi	3
Verkefnið á Fiskalandi	6
Verkefnið á Fuglalandi	8
Samantekt	10
Fylgiskjöl	11

Inngangur

Á haustdögum 2013 var Kristín Einarsdóttir íþrótt- og grunnskólakennari með námskeið í Hagaborg sem bar heitið *Leikur að læra*. Almenn ánægja var meðal starfsmanna Hagaborgar með þetta námskeið. Fljótlega fór starfsfólk á elstu deild leikskólans að nýta sér leiki og kennsluefni sem Kristín hafði kennt okkur á námskeiðinu í íþróttatímum einu sinni í viku.

Um vorið 2014 kom Kristín að máli við okkur um að við tækjum þátt í þróunarstarfi með *Leikur að læra* ásamt þremur öðrum leikskólum og einum grunnskóla. Eftir nokkra yfirlegu ákváðum við að taka slaginn og vera með í þessu spennandi verkefni. Markmið Kristínar með verkefninu var að kanna áreiðanleika kennsluaðferðarinnar, það er hvernig hún virkaði í raun. Að hennar sögn hefði verið gaman að hafa samanburðarhóp en slík framkvæmd er mjög umfangsmikil og gæti verið gott efni í doktorsverkefni.

Um haustið sama ár hélt Kristín síðan aftur námskeið með starfsfólki Hagaborgar og þar með var þróunarstarfið formlega byrjað. Kristín hefur komið í Hagaborg um það bil einu sinni í mánuði og fundað með okkur. Hún var einnig með námskeið hér í Hagaborg fyrir þá sem vildu á *Vesturbæjarfléttunni* sem er sameiginlegur starfsdagur allra leik- grunnskóla og frístundastöðva í vesturbænum og hélt námskeið fyrir foreldra.

Verkefnið var lagt fyrir börn fædd 2009, 2010 og 2011 með foreldraverkefnum í fataklefa og leikjum inni á deild, í salnum og í íþróttatímum í KR. Stafakunnátta og hreyfifærnibarna var metin í upphafi og lok verkefnisins sem stóð yfir 7 mánaða tímabil. Verkefnastjórar undirbjuggu verkefni fyrir deildir og foreldra eftir hugmyndum frá Kristínu allt eftir aldri, áhuga og getu barnanna. Heimasíðan <http://leikuradlaera.is/> var mikið notuð og einnig komu hugmyndir frá starfsfólki. Keyptir voru frauðbókstafir og tölustafir auk lítilla leikfangadýra. Annars var notaður efniviður sem var til staðar hér í Hagaborg.

Hér á eftir segja verkefnastjórar frá hvernig framkvæmdin var í hverjum árgangi fyrir sig, þar á eftir er samantekt og fylgiskjöl.

Verkefnið á Puta- og Krílandi

Þátttakendur í þróunarverkefninu á Puta- og Krílandi eru börn fædd árið 2010 og 2011. Ekki var lagt upp með sömu markmið fyrir börn fædd 2010 og 2011. Deildarstjóri Fiskalands sá um 2010 hópin hvað varðar hugmyndir að verkefnum og frammistöðumat. Deildarstjóri Putalands sá um börn fædd 2011. Á Putalandi eru 7 börn fædd 2010 og 11 fædd 2011. Á Krílandi eru 13 börn fædd 2011.

Verkefnið byrjaði á þann hátt gagnvart börnunum að þann 15 október 2014 voru þau forprófuð hvað varðaði þekkingu á stöfum og hvar þau stæðu í líkamlegri getu í sambandi við ákveðin atriði. Fyrirlögnin var framkvæmd samkvæmt fyrirmælum frá *Leikur að læra*¹. Börnin voru öll viljug til að taka þátt í matinu en voru mismunandi á vegi stödd. Niðurstöðurnar voru skráðar niður og settar inn í excel skjal². Eftir að öll börnin höfðu tekið þátt í matinu voru sett inn verkefni í fataklefan á hverjum einasta degi.³ Þau voru með þeim hætti að um tvennskonar verkefni var að ræða sem rúlluðu á milli daga í heila viku í senn. Foreldrarnir leystu verkefnin með börnum sínum og tók lausn þeirra í mesta lagi fimm mínútur. Um var að ræða samsetningu af vistmunalegri og líkamlegri þjálfun. Öll börn deildarinnar tóku þátt í þessum hluta verkefnisins. Að öðru leyti en þessu var verkefninu aldursskipt.

Sett var upp mánaðaráætlun fyrir hvern mánuð í senn þegar kom að *Leikur að læra* starfinu inni á deild. Þar voru markmið tilgreind sem og þær leiðir sem lagt var upp með að fara að settu marki. Markmiðin voru bæði vitsmunaleg og líkamleg, þar var meðal annars hægt að sjá hvaða lög átti að syngja hverja viku fyrir sig og þá *Leikur að læra* leiki sem að átti að vinna með hverju sinni.



Í litaleiknum MarglITUð hús

¹ Fyrirmæli um framkvæmd könnunarinnar má sjá í fylgiskjali 1 a og b

² Matsblaðið má sjá í fylgiskjali 2 a og b

³ Sjá dæmi um verkefni í fataklefa í fylgiskjali 3

Á heimasíðu *Leikur að læra* er leikjasafn sem að var nýtt í verkefnið. Eftir hverja viku var endurmetið hvernig gekk að fylgja áætluninni.⁴ Í gögnum⁵ frá *Leikur að læra* kemur fram að markmiðin fyrir börn á þriðja aldursári sé meðal annars að vinna með þá stafi sem að eru í þeirra umhverfi og standa þeim næst. Í samráði við Kristínu var ákveðið að leggja upp með að vinna markvisst með stafi barnanna á deildinni og var einn stafur lagður inn í hverri viku. Sungnar voru vísur um hvern staf⁶ og stafirnir hengdir upp á vegg með mynd af því barni sem átti stafinn.

Þann 13. apríl 2015 var árangurinn af verkefninu metinn og var fyrirlögnin framkvæmd á sama hátt og um haustið. Niðurstöðurnar voru skráðar niður og settar inn í sama skjal og áður. Öll börnin höfðu sýnt framfarir en mismiklar þó. Eitt barn hafði sem dæmi bætt við sig 27 stöfum á meðan annað hafði bætt við sig einum staf.

Upplifun foreldra af þróunarverkefninu er mjög jákvæð. Í byrjun verkefnisins í haust höfðu foreldrar blendnar tilfinningar til verkefnisins og greinilegt var að upplifun þeirra var mismunandi. Sumir þurftu hvatningu og áminningu um að taka þátt í verkefninu í fataklefanum á meðan aðrir sýndu strax mikinn áhuga. Dæmi voru um að það örlaði aðeins á pirringi hjá foreldrum í garð barna sinna ef að þau gátu ekki eða vildu ekki taka þátt í verkefninu. Það sýndi sig að verkefnið í fataklefanum er góð leið fyrir foreldra til að átta sig á raunverulegri getu barnanna. Foreldrar hafa í dag fengið að kynnst því að verkefnið er að stuðla að miklum framförum vitsmunalega og líkamlega. Í foreldraviðtölum að hausti var verkefnið kynnt og það síðan rætt um vorið og voru allir sammála um að það hefði vakið áhuga barnanna á stöfum og stuðlað að framförum. Hér er ein reynslusaga foreldris af verkefninu:

„Ég vil lýsa yfir mikilli ánægju með *Leikur að læra* verkefnið. Ég hafði engar væntingar í upphafi en sá fljótt að verkefnið var að skila árangri og við lá að geta XXXX ykist dag frá degi. Við feðgar höfðum mjög gaman að glíma við dagleg verkefni í forstofu Putalands. Vildi deila með ykkur einu dæmi. Einn morgunn hangir mynd af XXXX (barnið á stafinn Á fremstan í nafninu) uppi og leiðbeiningar um að finna stafinn hans í stafahrúgu. Mér til undrunar finnur XXXX bókstafinn A, ég hrósa honum fyrir árangurinn en fæ þá að heyra að þetta sé ekki stafurinn. XXXX leitar svo áfram og finnur í hrúgunni litla kommu og er þá kominn með stafinn hans XXXX. Þetta fannst mér alveg stórmerkilegt og merki um styrk

⁴ Markmiðsblaðið má sjá í fylgiskjali 4

⁵ Glærukynning þar sem verkefnið er kynnt, má sjá í fylgiskjali 5

⁶ Vísurnar má sjá í fylgiskjali 6

verkefnisins. Það er ljóst að starfsfólk Putalands hefur lagt sig fram í verkefninu og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Ég vona að þetta verkefni verði endurtekið næsta vetur“

Upplifun starfsmanna á Kríla- og Putalandi af verkefninu var almennt mjög góð. Þeir sáu framfarir hjá börnunum og þá helst hvernig áhuginn vaknaði og blómstraði eftir því sem að leið á verkefnið. Börnin voru með jákvætt hugarfar og mjög áhugasöm. Eins og í öllu eru nokkrir þættir sem vert er að huga betur að og tekur það meðal annars til þess hvernig verkefnið er skipulagt á deildunum. Áhugi starfsmanna á verkefninu hafði áhrif á framkvæmd þess og það var sjáanlegt að ef að deildarstjórana vantaði inni á deildina þá var verkefninu ekki framfylgt af sama áhuga og ákafa og áður. Veikindi og starfsmannaekla hafði einnig áhrif á það hvort að hægt var alltaf að koma verkefninu að í daglegu skipulagi. Það er því umhugsunarefni fyrir næsta vetur hvort að það myndi ekki henta vel að hafa *Leik að læra* inni í almennu dagskipulagi, þar sem lagt væri upp með að allir starfsmenn deildanna væru að vinna í því verkefni á ákveðnum tíma dagsins. En gengið er út frá því í verkefninu að ákveðinn tími fari í verkefnið⁷. Fyrir þennan aldurshóp var miðað við að það væru 4 x 20 mínútur á viku sem að færi í verkefnið.

⁷ Í fylgiskjali 7 má sjá áætlaðan tíma fyrir verkefnið út frá aldri barna

Verkefnið á Fiskalandi

Í þróunarverkefninu fyrir 4-5 ára börn voru 31 barn öll fædd 2010. Á Fiskalandi eru 24 börn en 7 börn eru á Putalandi þar sem er blönduð deild en þau fylgdu verkefnum Fiskalands eins og hægt var fyrir utan verkefnin í fataklefanum eins skýrt verður frá hér á eftir. Í upphafi voru börnin misjafnlega stödd og misjafnlega viljug að gera prófið sem lagt var fyrir þau bæði líkamlegt atgervi þeirra og vitsmunarlegt. Þau voru aftur á móti öll tilbúin að gera verkefni og leika sér með stafina nema eitt barn sem vildi ekki vera með í prófinu og því eru þau 30 sem tóku þátt. Barnið var aftur á móti viljugt að vera með í leikjum og söngnum.

Prófið⁸ var gert á tímabilinu 17.09 til 27.09. 2014 og viðmiðunin var gerð í lok apríl til 08.05 2015 sirka 7 mánuðum seinna. Líkamlegt próf var gert á þeim í salnum þar sem kannaðir voru ýmsir þættir eins og hoppa á öðrum fæti, haldið jafnvægi á öðrum fæti í einu, kastað bolta upp og gripið svo dæmi sé tekið. Vitsmunalegi þátturinn var gerður með eitt barn í einu í lokuðu herbergi, könnun á þekkingu á stöfunum, hvað þeir heita, segja og hver á þann staf. Einnig var látið fylgja hvort barnið skrifaði stafinn sinn eða nafn. Þeim fannst þetta mjög spennandi og börn á þessum aldri þyrstir í að læra stafina. Í upphafi voru foreldrar látnir vita um verkefnið og þeim kynnt hvernig þetta færi allt fram. Einnig óskað eftir því að þeir tækju þátt með börnunum tvo morgna í viku með því að leysa einföld verkefni í fataklefanum. Þá áttu börnin að finna einhvern staf í svokallaðri stafasúpu (lýsa eða setja mynd hér) og fara með hann inn á deild hoppandi á öðrum fæti, ganga eins og könguló eða hvað það sem sett var fyrir að hverju sinni. Þegar líða tók á verkefnið voru þau farin að skrifa stafinn sem þau fundu og komu með inn á deild á töfluna þetta gekk það vel. Foreldrum fannst þetta bæði spennandi og skemmtilegt enda flestir sem vilja að þessi aldur fái að kynnast stöfunum í leikskólanum. Þetta gerði líka það að verkum að auðvelt var fyrir börnin að koma á morgnana þar sem þeim fannst þau verða að leysa þetta verkefni.

Í upphafi verkefnis var stuðst við upplýsingar sem komu frá Kristínu Einarsdóttur. Hún hafði haldið námskeið fyrir starfsfólk Hagaborgar og kynnt og kennt aðferðir sínar. Mappa með leiðbeiningum og upplýsingum um leiðir og framkvæmd var notuð og miðað við tímabanka að þjálfun á 4 ára börnum sé a.m.k. 4x 40 mín á viku sem gert var í sal skólans og í KR heimilinu. *Leikur að læra* verkefni a.m.k. tvisvar í viku sem var fléttað inn í daglegt starf. Frá byrjun fengu börnin spjöld með nöfnunum sínum á, notast var mikið með það yfir tímabilið í þeim leikjum sem farið var í. Þá voru leikir eins og að hoppa frá einum stað eins og könguló eða jafnfætis að húllahring sem var fullur af stöfum á gólfinu og þau áttu að finna stafina í nafninu sínu og koma með þá til baka einn og einn í einu og raða þeim á ákveðinn

⁸ Matsblaðið má sjá í fylgiskjali 8 a,b, og c

flöt. Á námskeiði sem Kristín hafði haldið fyrir starfsfólk hafði hún kennt ýmsa leiki sem hægt var að nota og aðrir leikir voru notaðir sem eru á heimasíðunni *Leikur að Læra*. Í Samverustsnd voru sungnir söngvar um stafina, þeir sömu og á Puta- og Krílalandi. Hjá þessum aldri er fataklefa verkefnið skemmtilegast og ásamt söngnum. Stafaröð sem stuðst var við er sú sama og er í Listin að lesa og skrifa þar sem aðgengilegt er að púsla saman orðum ef sú röð er notuð. Vikuplön voru gerð fyrir 2010 börnin á Fiskalandi og Putalandi og stafirnir kynntir á fimmtudögum, sá stafur sem við leikum okkur með í eina viku.

Móðir einnar stúlku á Fiskalandi hafði þetta að segja í foreldraviðtali þegar verkefninu var lokið.

„Dóttir mín sat hjá mér um daginn og var að teikna þegar hún merkir myndina sína með nafninu sínu. Ég vissi ekki að hún kynni að skrifa nafnið sitt og ég vissi ekki að hún þekkti alla stafina í nafninu sínu. Þetta kemur ekki frá okkur foreldrunum og þetta skrifast allt á *Leikur að læra* verkefnið sem búið er að vera í vetur“

Um 7 mánuðum seinna lögðum við fyrir sama próf aftur fyrir börnin og skemmst frá því að segja að ótrúlega mikill árangur sýndi sig. Allir höfðu bætt sig í bæði líkamlegu atgervi og bókstöfunum. Við sáum árangur eins og barn sem aðeins kunni að nefna 3 stafi í upphafi þekkti nú 18 stafi og svo mætti nefna fleiri samskonar sögur hér fram. Það var gaman að sjá hve námsgleðin var mikil má því segja að þessi aðferð höfði vel til þeirra. Mikil áhersla er á hreyfingu í Hagaborg og því passar *Leikur að læra* verkefnið vel inn í það starf sem hér fer fram.

Starfsfólk á Fiskalandi var mjög áhugasamt og fullt af áhuga. Sú sem tekur á móti börnunum á morgnana hafði á orði að þá daga sem verkefnið í fataklefanum sé eru þau kátari að koma inn á deild og kveðja foreldrana.



salnum og þar var *Leikur að læra* verkefnum komið að og í samverustundum unnum við með Lubbi og málbeinið og fórum í ýmsa aðra hljóða, rím- og klappleiki. Auk þessa höfðum við prentað út ýmiskonar samstæðuspil af heimasíðu *Leikur að læra* sem börnin höfðu mikið gagn og gaman að.

Á vordögum lögðum við svo sömu prófin aftur fyrir börnin. Það er skemmst frá því að segja að nær öll börnin höfðu bætt sig verulega í báðum þáttum. Það sem hafði vantað uppá í hreyfifærninni, þ.e. sprellikarlahoppið og klappið, var komið hjá lang flestum og mjög mörg börnin eru farin að stauta og jafnvel orðin vel læs.

Almenn ánægja hefur verið með verkefnið hvað varðar foreldra og börn. Í foreldraviðtölum í vor kom fram hjá mörgum foreldrum að börnin þeirra væru orðin læs án þess að nokkuð hafi verið gert heima til að auka stafakunnáttu og lestur. Margir vildu meina að það væri þessu verkefni að þakka. Hér kemur bréf frá foreldri :

„Xxxxx hefur alltaf verið lærdómsfús og finnst gaman að læra um nýja hluti, stafirnir eru engin undantekning. Við foreldrarnir höfum þó ekkert verið að ýta undir lestur hjá honum, heldur bara rætt hvað stafirnir segja og þess háttar. Um daginn þegar Xxxxx var að fara að sofa, var hann að kíkja í bók eins og svo oft áður. Hann spurði mig hvort þetta væri rétt sem hann var að lesa og las svo nokkuð vel "Eiríkur blóðöxi var yngsti sonur föður síns..." og svo kom hver setningin á fætur annarri um blóðuga bardaga, og annað viðeigandi lestrarefni fyrir háttinn. Við varla trúðum þessu og grunum að þetta frábæra prógram sem þið eruð með í skólanum sé að gera það að verkum að Xxxxx er farinn að lesa nokkuð mikið.

Það er ekki mjólkurferna heima eða fyrirsögn sem ekki er reynt við. Það er alveg frábært allt þetta góða starf sem þið eruð að vinna á Fuglandi og við erum svo heppin að Xxxxx fái að vera þarna með ykkur á daginn
Takk fyrir okkur“

Starfsfólk á deildinni hefur verið mjög áhugasamt og duglegt að koma með hugmyndir að nýjum leikjum og að taka þátt almennt og munum við ekki eftir öðrum eins áhuga á lestri.

Samantekt

Í heildina séð erum við mjög ánægð með þróunarverkefnið. Börnin sýndu miklar framfarir í þekkingu stafa og hljóða og mörg eru orðin læs eða farin að prófa sig áfram með skrift á elstu deildinni. Þetta teljum við eiga að mestu leyti að þakka *Leik að læra*.

Undir styrkri leiðsögn Kristínar Einarsdóttur lögðum við upp með verkefnið í haust og erum við öll sammála því að vel hafi tekist til. En líkt og með önnur þróunarverkefni er vissulega margt sem má betur fara sem og margt sem er frábært og virkar vel. Eitt af því sem að við myndum vilja hafa í huga til umbóta fyrir næsta vetur er til að mynda að gera starfsfólkið meðvitaðara um verkefnið á deildarfundum þannig að allir starfsmenn leikskólans séu að taka virkari þátt í verkefninu. Við sjáum fyrir okkur einnig að það væri til bóta að hafa einn tengilið á hverri deild sem að bæri ábyrgð á verkefninu og sæi til þess að starfsmennirnir væru virkir þátttakendur. Okkur finnst jafnframt nauðsynlegt að Kristín væri aftur með námskeið fyrir starfsmenn leikskólans að hausti þar sem að *Leikur að læra* er kynnt en alltaf eru einhverjar starfsmannabreytingar. Einnig mætti bjóða upp á kynningu fyrir foreldrana líkt og gert var í vetur en það þarf þó að halda námskeiðið snemma um haustið.

Heimasíðan hefur gagnast okkur mjög vel og er þar að finna margar hugmyndir að leikjum og efni til útprentunar. Síðan er aðgengileg og vel upp sett og auðvelt að finna það sem leitað er að.

Verkefnið í fataklefanum „á leið inn“ er eina verkefnið sem að snertir beina aðkomu foreldra. Við teljum það órjúfanlegan þátt í verkefninu og hefur það sýnt sig að börnin eru spennt fyrir því á morgnana að sjá hvaða þraut býður þeirra og takast á við þær. Foreldrar hafa einnig talað um að þeir sjái raunverulegar framfarir og stöðu barnanna einmitt í þessum hluta verkefnisins.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1a

Könnun á 3. ja ára.



Til umhugsunar:

- Reynum að framkvæma könnunina á svipaðan hátt að hausti og vori. Helst á sama stað og af sama starfsmanni.
- Barnið þarf að vera vel upplagt og til í að framkvæma könnunina.

Framkvæmd , stafakönnun. – Vinnum með hástafina.

Gott er að sýna nemandanum sirka 10 stafi í einu. Hafa staf nemandans í fyrsta hópnum og spyrja: “Er stafurinn þinn hérna ?” eða “Þekkir þú stafinn þinn hérna?” (Merkja við í skjalinu)

Ef nem. þekkir stafinn sinn þá er spurt: “Veistu hvað hann heitir?” “Veistu hvaða hljóð hann segir?” (Merkja við í skjalinu.)

Kennarinn: “Þekkir þú fleiri stafi hérna?” ef já “Hvað heitir hann?, hvað segir hann?” (Merkja í skjalið)

Síðan endurtekur kennarinn síðari hlutann með stöfunum sem eftir eru. Ef barnið er orðið þreytt og búið að missa athyglina þá höldum við áfram síðar.

Þekkja nafnið sitt.

Vera búin að útbúa spjöld með nöfnum á öllum í hópnum/kjarnanum. Hafa nöfnin í há og lágstöfum t.d. Berglind.

Setja öll nöfnin fyrir framan nemandann og spyrja:

“Þekkir þú nafnið þitt hérna?”

Forma nafnið sitt.

Kanna hvort barnið geti, skrifað, málað eða formað stafinn sinn í leir.

Fylgiskjal 1 b

Leikur að læra – hljóð og stafi.



Stafaröð.

Eftirfarandi röð er sú sama og er í “Listin að lesa og skrifa”. Það er mjög aðgengilegt að púsla saman orðum ef þessi röð er notuð.

í, ó, s, á, l, a, l, r ekki, og.

ú, m, u, v, e, o, n, æ sagði, ég, að.

j, f, é, h, t, g, ð, ö segir, minn.

b, y, ý, þ, k, d, au, p, ey, x ey, þetta, vill vil.

4ra ára.

Byrja að kynna stafina. Kenna einn í viku til að byrja með og meta að svo eftir sirka 10 vikur (um jólin) hvort við höldum áfram að kynna nýja stafi eða förum í upprifjun auk þess að vinna með stafina “þeirra”.

5 ára.

Taka stafina í þessari röð, sirka 1, 5 í viku! Taka eina og eina orðmynd með.

Fylgiskjal 2 a

Hljóð og stafir.

Stafakönnun 3. ja ára



Dags.

Nafn:

Aldur: árog mán

		þekkir stafinn sinn í stafahrúgu	þekkir hljóðis sem stafurinn segir	Veit hvað hann heitir.	þekkir nafnið sitt í nafnahrúgu	Getur formað stafinn sinn	þekkir aðra stafi í stafahrúgu	

Fylgiskjal 2 b

Hljóð og stafi. Könnun á 3. ja ára. Líkamlegt.



Dags.

Nafn:	Aldur: ár og mán										
		Klappa og klappa báðum lófum á móti kennara	Hoppar á hægri 1 m	Hoppar á vinstri 1 m	Getur haldið líkamanum í rennibraut	Sprellikallahopp 5 sinnum	Jafnvægi, stendur á hægri fæti í 5 sek	Jafnvægi, stendur á vinstra fæti í 5 sek.			



—menntar heimimá hreyfingu

Mánudagur

- Finndu stafinn þinn í stafasúpunni, hoppaðu á hægra fæti inn á deild og gefðu kennaranum stafinn.

LIFUM

LÆRUM

LEIKUM

www.leikuradlaera.is

Fylgiskjal 4



Vikan	Markmið vitsmunalegt	Markmið líkamlegt	LL - leikur	Lög	Rím	Fram burður	Klappa atkv.	Framsögn

Fylgiskjal 5

Markmið 3.ja ára

- ▶ Pekkja stafinn sinn í stafahrúgu
- ▶ Pekkja nafnið sitt í nafnahrúgu
- ▶ Getað formað stafin sinn (skrifað, málað, kubbað)
- ▶ Velja 2 - 4 aðra stafi sem barnið vinnur með á tímabilinu - valið í samræmi við fjölskyldu.
(Hafi barnið áhuga má byrja að vinna með nöfn s.s. Mamma, pabbi...eða nöfn systkina).

Klappa saman - klappa læri
Hoppa á öðrum fæti - hægri og vinstri
Rennibraut, einföld
Sprellikallahopp
Jafnvægi



Fylgiskjal 6

A-A-A AFI FER Í BAÐ AMMA HJÁLPAR AFA GAMLA ON'Í HEITU BAÐI AÐ SVAMLA A-A-A-A-A AFI FER Í BAÐ	Á-Á-Á ÁSA DATT Í Á ÆI HVERNIG ENDAR ÞETTA ÁSA LITLA VAR AÐ DETTA Á-Á-Á-Á-Á ÁSA DATT Í Á
B-B-B BÍLINN MINN ÉG SÉ BRUNA EFTIR BREIÐUM VEGI BÓNAÐAN Á HVERJUM DEGI B-B-B-B-B BÍLINN MINN ÉG SÉ	D-D-D DÓRI REKUR FÉ DUGLEGUR UM DALI OG HJALLA DRÍFUR SIG MEÐ SAUÐI ALLA D-D-D-D-D DÓRI REKUR FÉ
Ð-Ð-Ð- ALLIR ERU MEÐ HLAUPA, GANGA, KLAPPA, STAPPA SYNGJA, DANSÁ, HOPPA, RAPPA Ð-Ð-Ð-Ð-Ð ALLIR ERU MEÐ	E-E-E ELLU BRÁÐUM SÉ Í ELDHÚSINU ALLA DAGA ELDAR MAT Í SVANGA MAGA E-E-E-E-E ELLU BRÁÐUM SÉ
É-É-É NÚ ER KOMIÐ ÉL ÉG FÓR ÚT Í SNJÓ AÐ LEIKA HITTA KÁTA KRAKKA KEIKA É-É-É-É-É NÚ ER KOMIÐ ÉL	F-F-F FÚSI SEGIR F FÍA Á SVO FÍNA HÚFU FÚSI LITLI DATT Á GRÚFU F-F-F-F-F FÚSI SEGIR F
G-G-G GLÖÐ VIÐ ERUM HÉR HÉR ER ALLTAF GLENS OG GAMAN GÓÐIR VINIR LEIKA SAMAN G-G-G-G-G GLÖÐ VIÐ ERUM HÉR	H-H-H HÉR ER HÆGRI HÖND HENNI MEÐ ÉG HEILSA OG SKRIFA HÚN HJÁLPAR MÉR AÐ STAFA OG LITA H-H-H-H-H HÉR ER HÆGRI HÖND

I-I-I ILMINN GÓÐA FINN INGUNN AMMA ER AÐ BAKA ER ÞAÐ KANNSKI SKÚFFUKAKA I-I-I-I-I ILMINN GÓÐA FINN	Í-Í-Í ÍNA BORDAR ÍS ÍSINN FÓR Í EINA KLESSU ILLA LENTI HÚN Í ÞESSU Í-Í-Í-Í-Í ÍNA BORDAR ÍS
J-J-J JÖKULL SEGIR JÁ HANN ER EINS OG ENGINN ANNAR HEITIR LÍKA JÖKULL FANNAR J-J-J-J-J JÖKULL SEGIR JÁ	K-K-K KÖKU VIL ÉG FÁ MEÐ KRÆSINGUM OG KREMI SÆTU OG ALLAVEGA NAMMI ÆTU K-K-K-K-K KÖKU VIL ÉG FÁ
L-L-L LÓA GERIR SMELL SKELLIR SAMAN SÍNUM HÖNDUM SVO ÞAÐ HEYRIST ÚT Í LÖNDUM L-L-L-L-L LÓA GERIR SMELL	M-M-M MJÓLKIN ER SVO GÓÐ MJÓLKURGRAUT OG MEIRA SLÁTUR MAGGI VILL OG ER SVO KÁTUR M-M-M-M-M MJÓLKIN ER SVO GÓÐ
N-N-N NONNI ÞRÆÐIR NÁL VANDAR SIG AÐ FESTA TÖLU NOKKUÐ VEL Á LITLU VÖLU N-N-N-N-N NONNI ÞRÆÐIR NÁL	O-O-O OSTUR LÉTTIR LUND OSTUR OKKUR UPP MUN BYGGJA OSTINN VILJA ALLIR ÞIGGJA O-O-O-O-O OSTUR LÉTTIR LUND
Ó-Ó-Ó ÓLI LITLI Á HJÓL ÓLI HJÓLAR ALLAN DAGINN ÓSKÖP SVANGUR VERÐUR MAGINN Ó-Ó-Ó-Ó-Ó ÓLI LITLI Á HJÓL	P-P-P PABBA MINN ÉG SÉ PÚAR HANN ÚR PÍPU SINNI PÆLIR EKKI Í HEILSU MINNI P-P-P-P-P PABBA MINN ÉG SÉ

R-R-R RÓSA LEIKUR SÉR HÚN KANN VEL AÐ RÓLA OG RAKA RÚNA ER AÐ LÆRA AÐ BAKA R-R-R-R-R RÓSA LEIKUR SÉR	S-S-S NÚ ER SIGGA HRESS SUSSAR LITLU SYSTUR SÍNA SAUMAR SVUNTU VOÐA FÍNA S-S-S-S-S NÚ ER SIGGA HRESS
T-T-T TUMA LITLA SÉ Á TAKKASKÓM MEÐ TUÐRU FÍNA SPARKAR ALLA LEIÐ TIL KÍNA T-T-T-T-T TUMA LITLA SÉ	U-U-U UNNUR ÞEKKIR U UGLUR SITJA UPP'Í TRJÁNUM ÓSKÖP ER ÞEIM KALT Á TÁNUM U-U-U-U-U UNNUR ÞEKKIR U
Ú-Ú-Ú ÚLFURINN ER SÚR EKKI GETUR BÖRNIN ÉTIÐ BAR'Á SÍNUM RASSI SETIÐ Ú-Ú-Ú-Ú-Ú ÚLFURINN ER SÚR	V-V-V VILLI VOLAR HÁTT VESALINGUR ER SÁ DRENGUR VÆLIR ÞEGAR ILLA GENGUR V-V-V-V-V VILLI VOLAR HÁTT
Y-Y-Y YFIR BOLTINN FLAUG ALLIR KRAKKAR FAR'Í YFIR ÞESSI GAMLI LEIKUR LIFIR Y-Y-Y-Y-Y YFIR BOLTINN FLAUG	Ý-Ý-Ý ÝLIR STRÁI Í HLAUPA KRAKKAR ÚT UM MÓA SJÁ ÞAR AGNAR LÍTINN SPÓA Ý-Ý-Ý-Ý-Ý ÝLIR STRÁI Í
X-X-X SAXI BORDAR KEX KLÆÐIR SIG Í BUXUR GRÁAR LABBAR SVO UPP TRÖPPUR HÁAR X-X-X-X-X SAXI BORDAR KEX	Þ-Þ-Þ ÞÓRDÍS ÞJÓNNINN ER ÞEYSIST UM MEÐ GAFFLA OG HNÍFA GLÖS OG SKEIÐAR, DISKA FÍNA Þ-Þ-Þ-Þ-Þ ÞÓRDÍS ÞJÓNNINN ER

Æ-Æ-Æ ÆVAR SEGIR HÆ HLÆR OG SYNGUR FYRIR ALLA BÆÐI FYRIR BÖRN OG KALLA Æ-Æ-Æ-Æ-Æ ÆVAR SEGIR HÆ	Ö-Ö-Ö ÖLLUM LÍÐUR VEL ÖSSI HANN ER ÖÐLINGS- DRENGUR ÖMMU FINNST HANN MIKILL FENGUR Ö-Ö-Ö-Ö-Ö ÖLLUM LÍÐUR VEL
AU-AU-AU AUGUN MÍN SJÁ VEL ÞAU SJÁ SUMAR, VOR OG VETUR GETUR NOKKUR SÉÐ ÞAÐ BETUR AU-AU-AU-AU-AU AUGUN MÍN SJÁ VEL	EY-EY-EY EYRA HEYRIR VEL HEYRIR SÖNG OG GLEÐI- HLÁTUR LÍKA STUNDUM SORGAR- GRÁTUR EY-EY-EY-EY-EY EYRA HEYRIR VEL

Viðmiðunartími

3. ja ára: 4 x 20 mín á viku:

„Leikur að læra“ a.m.k. 2 x 20 mín á viku.

4 ra ára: 4 x 30 mín á viku:

„Leikur að læra“ a.m.k. 2 x 30 mín á viku.

5 ára: 4 x 40 mín á viku:

„Leikur að læra“ a.m.k. 2 x 40 mín á viku.

Þetta þarf ekki að vera samfelldur tími, hluti getur verið úti, við matarborðið, í krók, salnum osfrv.



Leiko
að
læra

Fylgiskjal 8 a



Hljóð og stafi. Könnun 4 - 5 ára. Vitsmunalegt.							
---	--	--	--	--	--	--	--

Nafn:

Aldur: ár mán

Dags.

	þekkir nafnið	þekkir hljóðið	Veit hver á hann		þekkir nafnið	þekkir hljóðið	Veit hver á hann
A				N			
Á				O			
B				Ó			
D				P			
E				R			
É				S			

Getur lesið

Sól	
Bók	
Lás	
Ása	
Hús	
Lóa	

F				T			
G				U			
H				Ú			
I				V			
Í				Y			
J				Ý			
K				Þ			
L				Æ			
M				Ö			

1. Amma á bíl.	
2. Siggi er 7 ára.	
3. Erla á heima í sveit.	
4. Kisan heitir Skotta.	

Fylgiskjal 8 b

Nafn:

*Ef barnið getur lesið textann á hinu blaðinu,
spurðu hann þá munnlega :*

1. Hvað er Siggi gamall ?


2. Hvað heitir kisan

3. Hvað á amma?

4. Hvar á Erla heima?



Biðjið barnið að skrifa
orð undir myndirnar.



www.theglobe.com

Fylgiskjal 8c

Hljóð og stafi. Könnun 4 ra ára. Líkamlegt.



Dags.

Nafn:

Aldur: ár og mán

Nafn: Aldur: ár og mán

Fylgiskjal 9

Hljóð og stafi. Könnun 5 ára. Líkamlegt.



Dags.

The logo for 'Leiku að læra' (Play to learn) features the words in a playful, rounded font. 'Leiku' is in green and 'að læra' is in pink, with a small green figure jumping over the text.

Nafn: Aldur: ár og mán

		Klappa hægri, klapp vinsti, klappa báðar.	Hoppar á hægri 2,5 m	Hoppar á vinstri 2,5 m	Getur haldið lík. í rennibraut og snúið.	Sprellikallahopp 10 sinnum í röð	Jafnvægi, stendur á hægri fæti í 15 sek	Jafnvægi, stendur á vinstra fæti í 15 sek.	Kasta stórum bolta upp í loft og grípa.	Sippa